

## Dagskrá stjórnarfundar nr. 5

31. október 2012 kl. 17:00 á skrifstofu HRFÍ

**Mættir: Anna Flygenring, Björn Ólafsson, Jóna Th. Viðarsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson (í forföllum Deliu Howser), Ólafur Jóhannsson og Valgerður Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri.**

### 1. Stýrihópur um skapgerðarmat – beiðni um fund með stjórn HRFÍ – kl.17:30

Reykjanesbæ, 23. september 2013

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands

Síðumúla 15

108 Reykjavík

Efni: Beiðni um fund með stjórn HRFÍ

Stýrihópur í skapgerðarmati óskar eftir að koma á fund hjá stjórn HRFÍ 17. október næstkomandi til að ræða skapgerðarmat og framhald þess.

Kær kveðja, Brynja Tomer, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Sigríður Bílddal

### Upplýsingar frá skrifstofu um skapgerðamat 2012

Haldið 21. maí

4 íslenskir fjárhundar á aldrinum 17- 18 mánaða

Haldið 10. júní

5 hundar – dobermann rúml. 2 ára, schäfer um 2 ára, flat-coated 3 ára, border collie um 2 ára, boxer 4 ára

Haldið 7. september

7 schäferhundar á aldrinum 8 mánaða til 3,5 árs.

### Mættir fyrir hönd skapgerðarmats: Guðbjörg Guðmundsdóttir

Guðbjörg sagði frá því að margt af búnaði skapgerðarmatsins væri orðið lélegt og komið væri að endurnýjun. Það vantar ný hjól (14 stk, verð 37 dollara per stk.) einnig vantar mótör (verð 400 dollarar). Guðbjörg sagði að það vantaði alltaf fólk til að vinna við mötin. Hún sagði að gögn á myndböndum sem tekin voru upp af mörgum mötum lægi undir skemmdum og væri nauðsynlegt að koma því á dvd diska. Guðbjörg ætlar að leita eftir tilboðum í verkið.

Rætt var um nýtt skapgerðarmat (BPH) hjá SKK. Skapgerðarmatið er mjög gott fyrir ræktendur og SKK ætlar að aðstoða klúbbana sína ef þeir hafa áhuga á að nota matið. Hægt er að prófa 12 hunda á dag. Í framtíðinni ætlar SKK að láta einkafyrirtæki sjá um framkvæmd prófsins. Rætt var um hvort stýrihópur skapgerðarmatsins hefði hugleitt að vinna sjálfstætt þar sem ekki eru neina kröfur um skapgerðarmat hjá neinni tegund innan HRFÍ.

Eins og fram kemur að ofan þá eru aðeins 16 hundar á ári að fara í gegnum skapgerðarmat og hundar oft orðnir of gamlir. Guðbjörg sagði að hópurinn hefði ekki rætt þann möguleika og þætti eðlilegt að HRFÍ sæi um framkvæmdina.

### 2. Stjórn DÍF og tengiliður HRFÍ boðuð á fund stjórnar með tölvupósti 24. október – kl.18:00

Ágætu stjórnarmenn DÍF og tengiliður stjórnar HRFÍ í DÍF.

Samkvæmt lögum HRFÍ er eitt af markmiðum félagsins að varðveita, hreinrækta og kynbæta íslenska fjárhundinn. Það gerir félagið m.a. með því að ættbókarfæra hreinræktaða hunda í ættbók HRFÍ skv. þeim reglum, sem stjórn félagsins setur og þeim kröfum sem FCI gerir til aðildarfélaga sinna um ættbókarfráningu hunda.

Í viðtali í fréttum Stöðvar 2 í fyrrakvöldi segir Ágúst Ágústsson ræktandi m.a. að íslenski fjárhundurinn sé í dálítilli útrýmingarhættu og að blendingsgot séu skráð hjá félaginu. Ágúst Ágústsson er formaður DÍF, sem ber ábyrgð á verndun, ræktun og heilbrigði íslenska fjárhundsins í umboði stjórnar HRFÍ.

Stjórn HRFÍ hefur ekki verið upplýst af stjórn DÍF um alvarleika þessa máls eins og Ágúst lýsir í fréttaviðtalinu. Því boða ég stjórn DÍF á næsta fund stjórnar HRFÍ þann 31. október nk. kl.18:00.

Bestu kveðjur  
Jóna Th. Viðarsdóttir  
formaður HRFÍ

**Frétt:**

<http://www.visir.is/section/MEDIA99&fileid=SRC818AD092-F893-422E-8FA0-B1EF236A332C>

**Frétt 22. október á Stöð 2:**

<http://www.visir.is/section/MEDIA99&fileid=SRC818AD092-F893-422E-8FA0-B1EF236A332C>

**Viðtal við Guðna Ágústsson fyrrv.ráðherra á Bylgjunni, Reykjavík síðdegis 23. október:**

<http://visir.is/section/MEDIA98&fileid=CLP14558>

Í kynningu segir þáttastjórnandi m.a. og vitnar í fréttir á Stöð 2:

„Ísl. fjárhundurinn er í útrýmingarhættu er talið er. Mikið flutt út. Bókhald ekki í lagi – tegundin að blandast“

**Mættir fyrir hönd DÍF:** Ágúst Ágústsson formaður, Linda Björk Jónsdóttir, Unnur Sveinsdóttir og Helga Andrésdóttir. Guðríður Þ. Valgeirsdóttir tengiliður einnig mætt.

Ágúst var spurður um tilurð fréttarinnar. Ágúst sagðist hafa haft samband við Matís vegna foreldragreiningar. Hann sagðist hafa talað sem ræktandi en auðvitað líka með tilliti til HRFÍ og DÍF. Ágúst sagði að það sem var sagt hafi verið tekið úr samhengi við frásögn hans. Hann sagði að of fáir hundar væru notaðir í ræktun. Stjórn DÍF hefur rætt um að setja kröfu um að allir ræktendur sendi hvolpa sína í foreldragreiningu sem kostar um kr. 6000. Fleiri umræður fóru fram og skipst var á skoðunum.

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður mælti með að stjórn DÍF fundi um málið og geri greinargerð sem verði birt. Formaður HRFÍ óskar einnig eftir að stjórn DÍF sendi stjórn HRFÍ fundargerðir af ISIC fundum.

**3. Stefnumótunarteymi boðað á fund stjórnar kl.18.45**

Á stjórnarfundi þann 29. ágúst sl. var ákveðið að stefnumótunarteymi mætti á fund stjórnar í október.

Mættir fyrir hönd stefnumótunarteymis: Súsanna Antonsdóttir og Soffía Kwaszenko.

Súsanna sagði frá tilurð og vinnu stefnumótunardagsins. Eftir stefnumótunardaginn var óskað eftir félagsmönnum til að vinna úr niðurstöðum dagsins. Aðeins nokkrir félagsmenn buðu sig fram í þá vinnu. Súsanna sagði að teymið hafi farið í gegnum niðurstöður stefnumótunardagsins og helsta niðurstaða dagsins var vöntun á fræðslu þannig að ákveðið var að hafa það sem fyrsta mál á dagskrá teymisins. Í teyminu voru ásamt Súsönnu og Soffía Björn, Arnheiður, Hafrún og Vordís. Aðrir sem skráðu sig í teymið mættu sjaldan eða aldrei á fundi. Bæklingar frá Sviss voru notaðir sem eru gefins til þýðingar og HRFÍ má gefa þá alla út. Í Sviss er þarlent „MAST“ sem sér um útgáfu bæklingins (styrkir útgáfu hans).

Ólafur og Guðmundur vildu fá að vita á einu blaði helstu útkomu stefnumótunardagsins.

Skipst var á skoðunum varðandi niðurstöður stefnumótunardagsins og afrakstri þeirra sem úr honum unnu. Súsanna sagði að hún væri ánægð með að hafa einblínt á eitt verkefni og lokið við það í stað þess að setja mörg verkefni af stað og ekkert hefði verið klárað. Súsanna sagði að því miður þá hefðu of fáir félagsmenn komið að vinnu eftir stefnumótunardaginn og hvatti Ólaf til að taka að sér að vinna verkefnið áfram. Súsanna sendir úrvinnslu gagnanna til stjórnar. Hún hefði viljað hafa annan svona fund bæði væri gott fyrir félagsmenn að hittast og hægt væri að skipuleggja slíkan dag á annan hátt. Ólafur var ósammála og vill fyrst vinna úr niðurstöðum síðasta stefnumótunardags.

Soffía óskaði eftir að fá að ræða mál sem hún sendi til stjórnar fyrir löngu síðan en hefði ekki fengið svar. Málið varðar reglu um PRA. Shih tzudeild sendi erindi til vísindaráðs HRFÍ og afrit á stjórn HRFÍ þar sem óskað er eftir vísindalegum og erfðafræðilegum rökum fyrir ræktunarbanni á svo mörgum shih tzuhundum. Hún hefur ekki fengið svör og óskar eftir að stjórn HRFÍ svari þessari spurningu. Stjórn Shih tzudeildar vill hafa rýmri reglur varðandi PRA og aflétta banninu á þeim sem eru í ræktunarbanni. Shih tzudeild vill aftur fá Lornu dýralækni til að koma og skoða alla shih tzuhunda og einnig vill stjórn deildarinnar vinna að ákveðinni ræktunarstefnu.

#### **4. Uppsagnarbréf frá framkvæmdastjóra HRFÍ**

Valgerður Júlíusdóttir framkvæmdastjóri hefur sagt upp starfi sínu hjá félaginu. Hún óskar eftir að hætta sem fyrst þar sem hún hefur fengið aðra vinnu. Hún á inni ótekið orlof en auðvitað fer hún ekki frá ákveðnum verkefnum eins og næstu sýningu.

Meðal starfssviða núverandi framkvæmdastjóra HRFÍ eru:

Annast daglegan rekstur HRFÍ þar með talið rekstur skrifstofu og starfsmannahald.

Undirbýr stjórnarfundu í samvinnu við formann HRFÍ.

Sem framkvæmdastjóri HRFÍ leggur hún mál um starfsemi HRFÍ fyrir stjórnarfundu félagsins.

Ritar fundargerð og fylgir málum eftir í samræmi við ákvörðun stjórnar.

Eiga samstarf við erlend félög og alþjóðasamtök og fara erlendis í tengslum við það starf.

Undirbýr fulltrúaráðsfundi í samvinnu við formann og stjórn HRFÍ.

Situr fulltrúaráðsfundi með stjórn félagsins.

Ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd stærstu viðburða félagsins s.s. sýningum, augnskoðunum, námskeiðum og fyrirlestrum í samvinnu við formann og stjórn HRFÍ.

Sjá um endurnýjun samninga í samvinnu við formann HRFÍ.

**Samþykkt að leita eftir tilboðum frá ráðningarstofum.**

#### **Bókun að beiðni Ólafs E. Jóhannssonar og Deliu Howser sent með tölvupósti 21.nóvember 2012 kl. 17:40**

Upplýst hefur verið að bókhald HRFÍ hefur verið útvistað til óþekkts aðila. Sú skýring var gefin að það væri gert vegna anna á skrifstofu. Ekki hefur verið upplýst hver sá er sem falið hefur verið að færa bókhald félagsins, þrátt fyrir fyrirspurnir þar um. Ekki var heldur leitað tilboða í þetta verkefni, en stjórn tilkynnt um útvistun bókhaldsins eftir á. Þegar verkefnum er útvistað af skrifstofu er eðlilegt að stjórn sé upplýst um nauðsyn þess fyrirfram. Einnig er eðlilegt að leitað sé tilboða í slík verkefni. Um leið og þessi vinnubrögð eru átalín er óskað eftir skýringum á þessum vinnubrögðum, sem og hver sá aðili er sem annast um færslu bókhalds félagsins.

#### **Bókun með tölvupósti frá Guðmundi A. Guðmundssyni þann 21. nóvember kl.11:41**

Guðmundur A. Guðmundsson varastjóri HRFÍ sem sat 5. stjórnarfund HRFÍ 31. október 2012, í forföllum Deliu Howser gjaldkera HRFÍ, óskar eftir að eftirfarandi bókun sé gerð við fundargerð þess fundar:

Það er hvorki einkamál formanns og framkvæmdastjóra HRFÍ hver færir bókhald félagsins, né hvað þetta fyrirkomulag kostar félagið. Undir dagskrárlíð 4. "Uppsagnarbréf frá framkvæmdastjóra HRFÍ" varpaði formaður félagsins því stórmáli ókynntu og án skýringa inn á fund stjórnar, að vinna við bókhald félagsins hefði nýverið verið komið í hendur fyrirtækis úti í bæ. Eðlilega varð lítil umræða um málið því þetta kom flestum sem fundinn sátu algerlega í opna skjöldu. Nokkur orðaskipti urðu um kostnað en engar upphæðir nefndar, aðeins að leitað hefði verið til eins aðila! Formaður svaraði ekki hvaða fyrirtæki færði bókhald HRFÍ í dag. Ég krefst þess að stjórn HRFÍ verði strax gerð grein fyrir öllum málavöxtum varðandi þetta mál og það fært til bókar. Virðingarfyllst, Guðmundur A. Guðmundsson, varastjóri HRFÍ, sem sat fundinn í forföllum Deliu Howser gjaldkera HRFÍ.

#### **Bókun Jónu Th. Viðarsdóttir, formanns, vegna bókunar Ólafs, Deliu og Guðmundar:**

Ekki hefur verið greitt fyrir færslu bókhalds félagsins frá árinu 1997 til ársloka 2011 utan ársins 2010. Árið 2011 var tekið í gagnið nýtt sölu- og bókhaldskerfi frá Reglu. Núverandi formaður sem hafði séð um færslu bókhalds fyrir félagið frá árinu 1997 tilkynnti árið 2010 að hún ætlaði ekki að færa bókhald félagsins lengur. Engu að síður færði hún bókhald ársins

2010 og gekk frá bókhaldinu afstemmdu til endurskoðanda vegna ársins 2010. Þorsteinn Þorbergsson færði bókhald félagsins í bókhaldsforritið Reglu vegna ársins 2011 með aðstoð formanns. Hann tók ekki greiðslu fyrir það. Þannig á 15 ára tímabili hefur félagið þurft að greiða rúmar 500.000.- fyrir færslu og afstemmingar bókhalds. Í ár var ákveðið að bókhald yrði fært af starfsmanni skrifstofu. Það hefur ekki gengið eftir sem skildi. Kemur margt til m.a. fæðingarorlof eins starfsmanns, sumarfrí ofl. Nú hefur framkvæmdastjóri sagt upp störfum og eykst álag tímabundið á þennan eina starfsmann, sem ætlaði að færa bókhaldið. Þurfti því að bregðast við með færslu bókhaldsins. Því var ákveðið að koma því í færslu strax hjá bókhaldsþjónustunni Hagsýn, sem er með bókhaldskerfið Reglu, gegn sanngjörnu gjaldi. Ekki hefur verið gerður bindandi samningur um bókhaldsþjónustuna. Okkur er frjálst að hætta þegar okkur þóknast.

Eins og fram kom á síðasta stjórnarfundum, sem Guðmundur A. Guðmundsson sat í forföllum Deliu Howser, þá er eitt af verkefnum framkvæmdastjóra að annast daglegan rekstur HRFÍ þar með talið rekstur skrifstofu og starfsmannahald. Það er sannarlega rétt hjá Guðmundi að það er hvorki einkamál formanns og framkvæmdastjóra HRFÍ hver færir bókhald félagsins, né hvað þetta fyrirkomulag kostar félagið. Þetta er einfaldlega eitt af verkefnum framkvæmdastjóra félagsins. Stjórn HRFÍ kemur ekki að daglegum rekstri skrifstofu.

## 5. Alþjóðleg sýning 17.-18. nóveber 2012.

Alþjóðleg hundasýning Hundaræktarfélag Íslands fer fram helgina 17. - 18. nóvember 2012 í Klettagörðum 6, 104 Reykjavík. Dómarar að þessu sinni eru: Tapio Eerola (Finnland), Natalja Nekrosiene (Svíþjóð), Anna Brankovich (Serbía), Zoran Brankovich (Serbia), John Walsh (Írland), Ole Staunskjær (Danmörk). Sýndir verða alls 785 hundar af 80 hundategundum og 32 ungmenni þátt í keppni ungra sýnenda, 11 í yngri og 21 í eldri flokki. Dómari í þeirri keppni verður John Walsh frá Írlandi. Heiðraðir verða afreks- og þjónustuhundur ársins og stigahæsti hundur og öldungur. Deildir sem eiga að aðstoða á þessari sýningu eru: Ensk cocker spaniel-, Husky-, Spítzhunda- og Yorkshire terrierdeild. Framkvæmdanefnd sýningar hefur nú þegar fundað með fulltrúum þessara deilda.

## 6. Afreks- og þjónustuhundur 2012. Tillögufrestur var lengdur til 20. október

### Afrekshundur 2012

#### Tillaga frá Brynju Tomer í tölvupósti þann 23. október sl.:

Góðan daginn gott fólk.

Ef ekki er þegar búið að velja kandidat sem afrekshundur ársins, langar mig að benda á tvo hunda sem komið gætu til álita:

1) 12 ára gamlan íslenskan fjárhundur, sem heitir Hrafntófta Hrammur og gegnir nafninu Bjartur dags daglega.

Hann hefur síðustu árin verið einn af heimsóknarhundum Rauða Kross Íslands og farið í heimsóknir á Hrafnistu og í Drafnarhúsi í Hafnarfirði, þar sem hann vekur fádæma ánægju, enda einkar ljúfur og vingjarnlegur hundur.

Þegar Bjartur átti 10 ára afmæli birtist tilkynning í einhverju dagblaðinu þar sem vinum og vandamönnum var boðið í afmælisveislu. Afmælisgjafir voru afpakkaðar en framlög til styrktar Rauða Krossi Íslands vel þegin. Dágóð upphæð safnaðist og rann til RKÍ.

Ég læt fylgja mynd, sem tekin var af Bjarti í einni af heimsóknum sínum til íbúa á Hrafnistu, þegar hann fór með þeim í göngutúr um svæðið.

2) 5 ára gamlan chihuahua-hundur, Himna Storm, sem hefur heimsótt langveik börn um árabil, fyrst með eiganda sínum, Ástu Maríu Karlsdóttur og nú undanfarið með móður Ástu Maríu. Sérstakar kröfur eru gerðar til hunda sem heimsækja langveik börn og er Stormur er einn örfárra hunda sem hentar vel í heimsóknir til þeirra. Hann er ávallt kátur og glaður þegar hann hittir "börnin sín" í Rjóðrinu í Kópavogi.

Mynd af honum í heimsókn fylgir í viðhengi.

**Samþykkt var að heiðra alla hundaheimsóknavini, verkefni á vegum Rauða Kross Íslands. Mjög margir hundar innan HRFÍ eru hundaheimsóknavinir Rauða Kross Íslands og erfitt að gera upp á milli þeirra. Óska eftir að fulltrúi Rauða Krossins komi á sýninguna og taka á móti viðurkenningunni.**

## Þjónustuhundur 2012

### Sent með tölvupósti þri. 26.6.2012 16:40

Góðan daginn!

Mig langar til þess að tilnefna "vinnufélaga" minn, hana Freyju. Freyja er lögregluhundur og starfar hjá lögreglunni á Blönduósi. Hún hefur starfað hér í 6 ár og unnið vel í baráttunni gegn fíkniefnum og staðið sig mjög vel í starfi og verið notuð til vinnu víðar en á Blönduósi, á útihátíðum, flugvöllum, tjaldstæðum, útihátíðum o.fl. Hún er elsti "starfandi" lögregluhundurinn á landinu í dag. Freyja er af tegundinni Malinois, er 7 ára og í eigu Höskuldar Birkis Erlingssonar lögregluvarðstjóra.

Kveðja,

Erna Björg Jónmundsdóttir

Hlíðarbraut 21

540 Blönduósi

**Samþykkt**

### 7. Laugavegsganga 6. október sl.

Árleg Laugavegsganga HRFÍ var laugardaginn 6. október. Gengið var frá Hlemmi, niður Laugavegin og endað í Hljómskálagarðinum. Skólahljómsveit Kópavogs sló taktinn og leiddi gönguna eins og fyrri ár.

### 8. Ferdinand Hansen dómari á veiðiprófi nr.501212

**From:** Vilhjálmur Ólafsson [<mailto:villo@simnet.is>]

**Sent:** 17. október 2012 17:10

**To:** [proplanet@simnet.is](mailto:proplanet@simnet.is)

**Cc:** 'Ferdinand Hansen'

**Subject:** Ferdinand Hansen

Sæl Jóna,

Ég undirritaður prófstjóri í veiðiprófi nr. 501212 sem halda á nú á næstu helgi fer fram á að stjórn HRFÍ samþykki að Ferdinand Hansen – handhafi dómarskírteinis nr. 509603 fá samþykki stjórnar HRFÍ til að dæma í keppnisflokki nú um helgina.

Ferdinand ákvað fyrir nokkru að hætta öllum afskiptum af þessum málum og var mikill sjónarsviftir af þessum reynda fuglahundamanni út úr sportinu. Hann hefur lýst sig tilbúinn til að taka þetta verk að sér að því gefnu að stjórn HRFÍ gefi samþykki fyrir því. Ferdinand hefur haldið þekkingu sinni við í hvívetna og er fullfær um að dæma í prófi hjá okkur. Ástæða þessa að ég sem prófstjóri fer fram á þetta er sú að enginn dómari er fáanlegur með svo stuttum fyrirvara nú þegar forföll hafa orðið hjá Svafari Ragnarsyni en hann er með lúngnabólgu og getur ekki dæmt.

**Kær kveðja**

**Vilhjálmur Ólafsson**

**From:** Pro Planet [<mailto:proplanet@simnet.is>]

**Sent:** 17. október 2012 17:27

**To:** 'Vilhjálmur Ólafsson'; 'Ferdinand Hansen'

**Cc:** [proplanet@simnet.is](mailto:proplanet@simnet.is)

**Subject:** RE: Ferdinand Hansen

Sælir félagar,

Ég efa ekki að Ferdinand Hansen, sem er einn af okkar reyndustu veiðiprófsdómurum, er í stakk búinn til að hlaupa undir bagga með ykkur í veiðiprófi næstu helgi.

Þar sem ég þekki vel til starfa Ferdinans fyrir félagið okkar tek ég mér það bessaleyfi sem formaður Hundaræktarfélags Íslands að samþykkja þessa bón og greiða.

Jafnframt þætti mér heiður og fengur að því fyrir HRFÍ að Ferdinand sæi sér fært að starfa fyrir HRFÍ framtíðinni.

Bestu kveðjur og gangi ykkur vel í prófinu

Jóna Th. Viðarsdóttir

formaður HRFÍ

Sæl Jóna.

### **Neðangreindur tölvupóstur barst frá Ólafi E. Jóhannssyni 17.10.2012 kl.22:11**

Um leið og ég lýsi yfir mikilli ánægju minni með niðurstöðu mála í málefnum Ferdinands Hansen sem er okkar reyndasti fuglahundadómari, heiti ég fullum stuðningi mínum við þá niðurstöðu sem þú hefur komist að í þessu máli. En formsins og fordæmisins vegna bið ég þig um að leita til stjórnar HRFÍ með þetta mál til að fá jákvæðar undirtektir meirihluta stjórnar – sem ég er ekki í vafa um að fáist. Það má sem hægst gera í tölvupósti, eins og gert var í Sólheimakotsmálinu nýverið.

Ég, ásamt örugglega fleirum, hef lagt mitt lóð á vogarskálarnar til þess að fá Ferdinand aftur til starfa í HRFÍ og fagna því þessari niðurstöðu af helium hug. Ég ítreka að ég er algerlega sammála niðurstöðu þinni í þessu máli, en ég set spurningamerki við aðferðina. Í því ljósi eru þessi tilmæli mín til þín sett fram. Ég heiti jafnframt atbeina mínum við að fá jákvæða niðurstöðu í þetta mál hjá öðrum stjórnarmönnum og mun einhenda mér í það um leið og tölvupóstur berst frá þér varðandi þetta efni.

Með kveðju,

Ólafur E. Jóhannsson

### **Neðangreindur tölvupóstur barst frá Deliu Howser 18. október kl.11:07**

Sæl Jóna

Ég hef haft spurnir af því að málefni Ferdinands Hansen, veiðiprófsdómara, væru komin í ákveðin farveg innan stjórnar HRFÍ

Ég vil að það komi fram að ég styð heilshugar að hann öðlist aftur réttindi sem veiðiprófsdómari, enda einn af okkar færari dómurum.

Ég vænti þess að þetta mál verði borið upp í stjórn og væri gott ef hægt væri að senda tölvupóst þess efnis á stjórnarmenn sem allra fyrst!

Með kveðju

Delia

**9. Erindi frá Deliu Howser sent með tölvupósti á stjórnarmenn 24. september. *Frestað***

**10. Erindi frá Chihuahuedeild *Frestað***

**11. Fulltrúaráðsfundur – fundarboð sent á formenn deilda í tölvupósti 18. október kl.15:42**

Dagskárefni

- Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur – umræður um fjölda skráðra hunda, lausagöngu hunda ofl.
- Þingmennirnir Helgi Hjörvar og Magnús Orri Schram kynna frumvarp um gæludýravegabréf
- Umræða um erindi frá Guðríði Magnúsdóttur sem lagt var fram á aðalflundi HRFÍ varðandi fjölgun augnskoðana

Að augnskoðunum hjá Hundaræktafélagi Íslands verði fjölgað í amk. 5 sinnum á ári og reynt að hafa þær í tengslum við hundasýningar eða annan stóran viðburð hjá félaginu og amk. ein skoðun verði árlega líka hjá Svæðafélagi Norðurlands.

Rökstuðningur:

A) Nú í dag eru þrjár augnskoðanir á ári hjá félaginu sem er vel en hægt er að hafa fimm skoðanir með nákvæmlega sama tilkostnaði þar sem það koma tveir augnlæknar í tvö skipti en einn í eitt skipti.

Skv. samtali við Valgerði framkvæmdarstjóra fyrr í vor þá kom í ljós að þegar tveir augnlæknar koma þá eru það tveir einstaklingar þannig að allur kostnaður á við að fá augnlækni í 5 skipti yrði sá sami fyrir félagið.

B) Það hentar fjölmörgum tegundum að hvolpar séu augnskoðaðir á aldrinum 6-12 vikna td. með tilliti til CEA augnskoðun á hvolpum erlendis gildir fyrir lífstíð

C) Málum til siðanefndar sem eru vegna þess að hundar hafa ekki gilt augnvottorð tel ég að myndi stórfækka

Sbr heimasíðu félagsins/siðanefndar eru af 62 úrskurðum fyrir árið 2010 eru 20 rakkar

og 20 tíkur sem ekki eru með gilt augnvottorð við þörun.

Í fyrirbyggjandi 24 úrskurðum fyrir árið 2011 (og þá eiga líklegast einhverjir eftir að skila sér,) þá eru 7 rakkar og 6 tíkur sem hafa ekki gilt augnvottorð við þörun.

Bókun ritara:

*„Jóna Th. Viðarsdóttir tók til máls og kvaðst ekki sjá þörf á breytingu á tilhögun augnskoðunar. Stundum væri gott að vera með tvo augnsérfræðinga í einu svo að þeir geti borið saman bækur sínar.*

*Þorsteinn Þorbergsson kom með dagskrártillögu um að tillögunni yrði vísað til nýkjörinnar stjórnar.*

*Var sú tillaga borin undir atkvæði og samþykkt með meiri hluta atkvæða“*

**12. Sólheimakot *Frestað***

**13. Erindi frá Spítzhundadeild *Frestað***

**14. Erindi frá Schnauzerdeild *Frestað***

**15. Erindi frá Deliu Howser sent með tölvupósti á stjórnarmenn og framkvæmdastjóra 8. október *Frestað***

**16. Fyrirspurn frá Deliu Howser, gjaldkera HRFÍ, lögð fram á stjórnarfundi 19.09.2012**  
Fyrirspurn beint til formanns *Frestað*

**17. Fyrirspurn frá Deliu Howser, gjaldkera HRFÍ, lögð fram á stjórnarfundi 19.09.2012.**  
Fyrirspurn beint til framkvæmdastjóra *Frestað*

**18. Breytingar á reglum ræktunardeilda – VI. Veiði- og vinnupróf *Frestað***  
Tillaga frá Ólafi E. Jóhannssyni, stjórnarmanni lögð fram til kynningar.

**19. Önnur mál**

**Fundi slitið kl. 19:28**

**Sign:** Anna Flygenring, Björn Ólafsson, Jóna Th. Viðarsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson (í forföllum Deliu Howser), Ólafur Jóhannsson.